

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

5. júní 2023,
14. fundur heilbrigðisnefndar, fundargerð.

Mánudaginn 5. júní 2023 var haldinn 14. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) og hófst hann kl. 16:30. Eftirtaldir aðalmenn voru mættir til fundarins, Linda Hrönn Þórisdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Bjarni Ingimarsson, Gnýr Guðmundsson og Ingibjörg Hauksdóttir. Svanur Karl Grjetarsson boðaði forföll. Eftirtaldir starfsmenn eru einnig boðaðir á fundinn, Hörður Þorsteinsson, Þóra Dögg Jörundsdóttir, Árni Davíðsson og Ríkharður F. Friðriksson.

1. Skipulagsmál

1.1. Deiliskipulag frístundalóðar í landi Miðdals, L125371.

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi frístundalóðar í landi Miðdals skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er í suðurhluta Mosfellsbæjar, norðan við Selvatn og fyrir sunnan Nesjavallaveg utan vatnsverndarsvæðis. Skipulagssvæðið er um 1,1 ha að stærð og er um afmarkaða lóð að ræða með eitt landnúmer (L125371). Deiliskipulagstillagan felur í sér heimild til að byggja eitt frístundahús allt að 200 m² á lóðinni í samræmi við Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030.

Bókun heilbrigðisnefndar:

Vel er hugað að skipulagi varðandi rotþrær og vatnstöku á svæðinu og gerir heilbrigðisnefnd ekki athugasemdir við tillöguna.

1.2. Deiliskipulag Litlaselshæð L226501, frístundabyggð við Selvatn (F-543).

Auglýst er tillaga að nýju deiliskipulag milli Nesjavallavegar og Selvatns, á 5,5 ha landi. Samkvæmt tillögunni er landinu skipt upp í fimm frístundahúsaloðir þar sem heimilt verður að reisa fjögur frístundahús allt að 130 m² að stærð og eitt allt að 200 m² í samræmi við aðalskipulag. Aðkoma að lóðunum er í gegnum einkalönd L123625 og L226500 frá Nesjavallavegi. Landið er á öryggissvæði vatnsverndar.

Bókun heilbrigðisnefndar:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við að tillaga að deiliskipulagi verði samþykkt fyrir byggingu frístundahúsa en bendir á reglur sem gilda um öryggisvæði vatnsverndar samkvæmt greinum 56-67 í samþykkt um vatnsvernd nr. 555/2015.

1.3. Deiliskipulag Miðdalur L226500, frístundalóðir (F-543 og F-530)

Auglýst er tillaga að nýju deiliskipulag milli Nesjavallavegar og Selvatns, á 5,5 ha landi. Samkvæmt tillögunni er landinu skipt upp í tíu frístundahúsaloðir þar sem heimilt verður að reisa frístundahús

B.Í. WAF
DL

allt að 130 m² að stærð í samræmi við aðalskipulag. Aðkoma að lóðunum er í gegnum einkaland L123625 frá Nesjavallavegi. Landið er að hálfu á öryggisvæði vatnsverndar.

Bókun heilbrigðisnefndar:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við að tillaga að deiliskipulagi verði samþykkt fyrir byggingu frístundahúsa en bendir á reglur sem gilda um öryggisvæði vatnsverndar samkvæmt greinum 56-67 í samþykkt um vatnsvernd nr. 555/2015.

1.4. Nýtt deiliskipulag fyrir leikskóla Seltjarnarnesi

Lögð fram tillaga að breytingum á deiliskipulagi leikskóla Seltjarnarnesbæjar, reitar S-3 í Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033. Reiturinn liggur á horni Nesvegur og Suðurstrandar og afmarkast af þeim götum svo og Selbraut til suðurs. Á reitnum eru í dag þrjár lóðir sem sameinaðar í eina sem fær heitið Suðuströnd 1. Í tillögunni felst að heimilað verði að reisa á sameinaðri lóð nýtt tveggja hæða húsnæði leikskóla Seltjarnarnes. Á svæðinu eru nú starfræktar þrjár af fjórum starfsstöðvum Leikskóla Seltjarnarness í þremur húsum. Það eru Sólbrekka, 668,4m², reist árið 1981, Mánabrekka, 645,5m² reist árið 1996, og Fagrabrekka, reist árið 2018. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að Mánabrekka og Sólbrekka standi áfram en að Fagrabrekka verði fjarlægð.

Bókun heilbrigðisnefndar:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulag Leikskóla Seltjarnarnesbæjar.. Heilbrigðisnefnd minnir á mikilvægi þess að hafa vandaða aðkomu gangandi og hjólandi að leikskólanum. Gangstétt meðfram Suðuströnd og Nesvegi þarf að vera nægilega breið fyrir bæði göngu og hjólastíg framhjá fyrirhuguðum sleppistæðum.

1.5. Breyting á aðalskipulagi, lýsing á stígakerfi Garðabæjar

Lögð fram verkefnalýsing á fyrirhugaðri endurskoðun á stígakerfi sem fjallað er um í 4. kafla greinargerðar Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 og einnig mun endurskoðunin ná til stefnu aðalskipulags vegna almenningssamgangna. Markmiðið með breytingunum er að setja fram ítarlega stefnu um uppbyggingu stígakerfisins og að umhverfi og uppbygging stíga styrki samgöngu- og útivistarmöguleika íbúa sveitarfélagsins.

Bókun heilbrigðisnefndar:

Heilbrigðisnefnd fagnar fram komnum hugmyndum um heilnæmt umhverfi og heilbriggt líf þar sem stefnt er að uppfylla leiðarljós og markmið svæðaskipulags höfuðborgarsvæðisins um skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi. Stefnt er að hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verði a.m.k. 12% og hlutdeild göngu- og hjóltreidda í öllum ferðum innan svæðis verði a.m.k. 30% árið 2040.

1.6. Breyting á deiliskipulagi Hnoðraholts norður vegna lóðanna Þorraholt 2-4.

Lagt fram erindi frá skipulaginu í Garðabæ þar sem óskað er umsagnar á breytingum á deiliskipulagi Hnoðraholts-norður þar sem lóðirnar Þorraholt 2 og Þorraholt 4 sameinast í eina lóð auk tilfærslu á dælu-og spennustöð.

Bókun heilbrigðisnefndar:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingu á deiliskipulaginu en áréttar að við útfærslu á blágrænum ofanvatnslausnum sé vel hugað að hreinleika vatns þegar það er leitt af lóðinni og útfærslu þess kynnt heilbrigðiseftirliti.

1.7. Umsögn um breytingu og nýtingu á lóð Fornahvarf 10 í Kópavogi.

Lagt fram erindi frá skipulaginu í Kópavogi þar sem óskað er umsagnar á beiðni lóðarhafa lóðarinnar nr. 10 við Fornahvarf. Um er að ræða stækkun á íbúðarhúsi, ásamt vinnustofu á norð-austur hluta lóðarinnar auk fleiri breytinga. Byggingarmagn á lóðinni eykst um 714,2 fm. og eykst nýtingarhlutfall á lóðinni úr 0,07 í 0,22.

Bókun heilbrigðisnefndar:

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að samkvæmt skipulagi sem hefur verið í gildi frá árinu 2001, kemur fram að svæðið er innan vatnsverndarsvæðis, á svokölluðu fjarsvæði B. Með tilkomu nýrrar vatnsverndarsamþykktar árið 2015 var vatnsvernd á svæðinu aflögð. Engu að síður er Elliðavatn skilgreint sem viðkvæmur viðtaki og gilda auknar hreinsunarkröfur á lóðinni þar sem viðtakinn gæti orðið fyrir áhrifum vegna mengunar. Samkvæmt deiliskipulagi svæðisins er gert ráð fyrir að byggð á svæðinu verði tengd holræsa- og lagnakerfi Kópavogsbæjar og telur heilbrigðisnefnd mikilvægt að samhliða svo viðamikilli uppbyggingu á lóðinni verði allt skolp frá lóðinni tengt við fráveitukerfi sveitarfélagsins.

2. Önnur mál

2.1. Stjórnsýslukæra vegna jarðboranna í Þormóðsdal.

Iceland Resources ehf. ákvað að kæra ákvörðun heilbrigðisnefndar um að hafna starfsleyfisbeiðni fyrirtækisins fyrir jarðborunum í Þormóðsdal í Mosfellsbæ og sendi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála kæru dags. 25.04.2023 þar sem ákvörðun er mótmælt. Krafa kæranda er að hin ákvörðun heilbrigðisnefndar verði felld úr gildi og heilbrigðisnefnd verði gert að gefa út starfsleyfi í samræmi við umsókn félagsins. Úrskurðarnefndin fer fram á að fá í hendur gögn málsins og einnig er heilbrigðisnefnd gefin kostur á að tjá sig um kröfuna. Framkvæmdastjóri hefur tekið saman gögn málsins og greinagerð sem send hefur verið úrskurðarnefnd um málið.

Bókun heilbrigðisnefndar:

Heilbrigðisnefnd staðfestir framlögð gögn málsins.

2.2. Stjórnsýslukæra vegna sölustöðvunar á morgunkorni.

Heilbrigðiseftirlitinu barst erindi dags. 18.04.2023 frá Matvælaráðuneytinu þar sem ráðuneytið óskar umsagnar vegna stjórnsýslukæru Samkaupa dags. 12.10.2022, þar sem þeirri ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins um að stöðva sölu á tilteknum matvælum er mótmælt og þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi. Um er að ræða ákvörðun um sölustöðvun á Cocoa Puffs og Lucky Charms, en samkvæmt tilkynningu framleiðanda uppfyllir varan ekki lengur kröfur samkvæmt löggjöf Evrópusambandsins.

Samkvæmt upplýsingum frá framleiðenda vörunnar, General Mills hefur uppskrift verið breytt og væru nú efni í vörunni sem ekki uppfylla Evrópulöggjöf. Um væri að ræða aukaefni (líklega litarefni og kekkjuvarnarefni). Málið hefur fengið meðferð í matvælahóp Matvælastofnunnar þar sem niðurstaðan var sú að gera þyrfti kröfu um sölustöðvun á þessum vörum og hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness fylgt eftir þeirri samþykkt og gert kröfu um sölustöðvun.

Samkaup hf. telur málið ekki fullrannsakað og ekki sé nægjanlegt að styðjast við yfirlýsingu framleiðanda og gera kröfu um að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Bókun heilbrigðisnefndar:

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlitsins til matvælaráðuneytis.



Linda Hrönn Þorisdóttir



Ingibjörg Háuksdóttir



Gnýr Guðmundsson



Bjarni Ingimarsson



Hannes Tryggvi Hafstein

3. Starfsleyfi og umsagnir

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 03.05. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.1. Flatahraun 5b, Hafnarfjörður – veitingastaður

Lögð fram umsókn Brynjars Arnarsonar, f.h. Burger-inn ehf., kt. 650111-0360, dags. 25.04.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastofu að Flatahrauni 5b, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2254403. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 20.12.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.2. Gjáhella 17, Hafnarfjörður– dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Birgittu Bjarnadóttur f.h. HBB Imports ehf., kt. 690818-0190, dags. 26.04.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir heildsölu með áfengi að Gjáhellu 17, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2510925. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.03.05.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3.3. Hagasmári 1, Kópavogur – samkomustaður

Lögð fram umsókn Konstantin Mikaelssonar, f.h. Þrjúbíó ehf., kt. 451206-0360, dags. 11.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir skemmtigarð í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2227650. Breyting á húsnæði. Eftirlitsskýrsla dags. 03.05.23.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.4. Norðurhraun 1, Garðabær– framleiðsla á múr

Lögð fram umsókn Þorsteins Víglundssonar f.h. B.M. Vallá ehf., kt. 450510-0680, dags. 16.03.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu á byggingarefni úr steinsteypu að Norðurhrauni 1, Garðabæ. Endurnýjun. Fasteignanr. F2263557. Eftirlitsskýrsla dags. 25.04.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráningin staðfest.

3.5. *Hringhella 3, Hafnarfjörður – flutningur til endurvinnslu*

Lögð fram umsókn Úlfars Haraldssonar, f.h. Hati ehf., kt. 450711-0710, dags. 18.04.23, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir flutning á úrgangi til endurvinnslu að Hringhelli 3, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2077761. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 25.04.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest

3.6. *Auðbrekka 12, Kópavogur – prentun*

Lögð fram umsókn Jóns Svan Sverrissonar f.h. Svansprent ehf., kt.681073-0199 dags. 17.04.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir prentsmiðju að Auðbrekku 12, Kópavogi. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 02.05.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 09.05. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.7. *Lyngás 13, Garðabær– pökkun og dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Sigrúnar Jennýar Bárðardóttur f.h. Teko ehf., kt. 700517-0630, dags. 05.01.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir pökkun og dreifing matvæla að Lyngási 13, Garðabæ. Ný starfsemi. Fasteignanr. F2071457. Eftirlitsskýrsla dags. 04.05.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.8. *Urriðaholtsstræti 2-4, Garðabær– kaffihús, bakarí og ísbúð.*

Lögð fram umsókn Jónu Möggu Hreinsdóttur f.h. Sjöundi Maí ehf., kt. 591206-0870, dags. 30.03.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kaffihús, bakarí ,ísbúð að Urriðaholtsstræti 2-4, Garðabæ. Ný starfsemi. Fasteignanr.F2503852. Eftirlitsskýrsla dags. 09.05.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.9. *Reykjanesbraut 200, Hafnarfjörður – akstursíþróttasvæði*

Lögð fram umsókn Ingimundar Helgasonar f.h. Kvartmíluklúbburinn, kt. 660990-1199, dags. 11.04.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir akstursíþrótt að Reykjanesbraut 200, Hafnarfirði. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 09.05.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með starfsleyfi til 1 árs.

3.10. *Hlíðasmári 1, Kópavogur – mötuneyti*

Lögð fram umsókn Guðna Geirs Jónssonar f.h. Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, kt. 650914-2520, dags. 09.02.2023, þar sem sótt er um leyfi fyrir mötuneyti starfsfólks að Hlíðasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2255456. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 09.05.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.11. Urriðaholtssstræti 2-4, Garðabær - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.04.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sjöundi Maí ehf., kt. 591206-0870, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir kaffihús í fl. II að Urriðaholtssstræti 2-4, fnr.F2503852. Eftirlitsskýrsla dags. 09.05.2023.

Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfi dags. 09.05.2023.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 17.05. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.12. Birkihæð 20, Garðabær– dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Þórdísar Dungal f.h. Ice Life ehf., kt. 421220-0420, dags. 05.04.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir heildsölu með fæðubótarefni, án lagers. Lögheimili að Birkihæð 20, Garðabæ. Fasteignanr. F2031110. Ný starfsemi. Dreifing Farmasía. Eftirlitsskýrsla dags. 17.05.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

3.13. Tónahvarf 6, Kópavogur – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Manuel Plasencia Guterrez, f.h. Kúbalúbra ehf, kt. 600689-1429, dags. 23.02.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu (Framleiðsla og átöppun á drykkjarvöru, Kombucha Iceland) að Tónahvarfi 6, Kópavogi. Fasteignanr. F2329400. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 15.05.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

3.14. Bláfjallafólkvangur, Kópavogur – framkvæmd. innan vatnsverndarsvæðis

Lögð fram umsókn Guðrúnar West, f.h. Íslenskir Aðalverktakar – ÍAV., kt. 660169-2379, dags. 29.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framkvæmdir vegna snjóframleiðslukerfis fyrir skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Kópavogi. Ný starfsemi.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á vefsvæði HEF, engar athugasemdir bárust. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 30.11.2023.

3.15. Bakkakot, Mosfellsbær – veitingasala

Lögð fram umsókn Grétars Matthíassonar f.h. GGG veitingar ehf., kt.471022-1360, dags. 08.05.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir veitingrekstur á Bakkakotsvelli, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2082218. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 15.05.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.16. Víðistaðatún, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.05.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Öldur ehf., kt. 510417-0380 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir Víkingahátíð þann 13.06.2023 – 19.06.2023 frá kl. 11:00-01:00 að Víðistaðatúni, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 500 manns.

Neikvæð umsögn staðfest þar sem Öldur ehf. er ekki með gilt starfsleyfi.

3.17. Bakkakot, Mosfellsbær – rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.05.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn GGG veitingar ehf., kt. 471022-1360, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II að golfvælinum Bakkakoti v/Minna Mosfell, Mosfellsdal, fnr.F2082218. Eftirlitsskýrsla dags. 15.05.2023.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfi dags. 17.05.2023.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 24.05. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.20. Miðhraun 6, Garðabær – málmsteypa

Lögð fram umsókn Einar Haraldar Rögnvaldssonar f.h. Málmsteypa Þorgríms Jónssonar kt. 420787-1709, dags. 27.03.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi til endurvinnslu málma að Miðhrauni 6, Garðabæ. Endurnýjun. Fasteignanr. F2238861. Eftirlitsskýrsla dags. 07.03.2023

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.21. Flatahraun 13, Hafnarfjörður – veitingaverslun

Lögð fram umsókn Sigríðar Maríu Hilmarsdóttur, f.h. Tokyo veitingar ehf., kt. 670710-0920, dags. 08.02.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sölubás inn í Krónunni Flatahrauni 13, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074812. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 22.05.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

3.22. Bláfjallafólkvangur, Kópavogur – jarðborun

Lögð fram umsókn Guðmundar Ármanns Böðvarssonar, f.h. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., kt. 410693-2169, dags. 03.04.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir borun á 350 m holu fyrir skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Kópavogi. Ný starfsemi.

Drög að starfsleyfi var auglýst á vefsvæði HEF dags. 26.04.2023. Engar athugasemdir bárust. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 30.11.2023.

3.23. Hamraborg 5, Kópavogur – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Halldóru Vattnes kt. 160888-2619 f.h. Femmen Snyrtistofa, dags. 23.01.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Hamraborg 5, Kópavogi. Fasteignanr. F2061421. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 25.01.2023.

Bréf sent byggingarfulltrúa: dags. 24.01.2023. Neikvætt svar frá byggingarfulltrúa dags. 10.05.2023. *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er umsókn um starfsleyfi hafnað þar sem ekki eru uppfylltar kröfur byggingarfulltrúa.*

3.24. Ögurhvarf 3, Kópavogur – apótek

Lögð fram umsókn Bergljótar Þorsteinsdóttur f.h. Austurbæjar Apótek., kt. 461010-0240, dags. 17.05.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir apótek að Ögurhvarfi 3, Kópavogi. Fasteignanr. F2284552. (SF-2267) Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 17.05.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

3.25. Vesturströnd 23, Seltjarnarnes – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Arnars Jóns Agnarssonar f.h. GA beverage ehf., kt. 540423-1480, dags. 04.05.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir heildsölu með drykkjarföng, án lagers. Lögheimili að Vesturströnd 23, Seltjarnarnesi. Fasteignanr. F2068775. Ný starfsemi. Dreifing frá vöruhótel Eimskipa. Eftirlitsskýrsla dags. 24.05.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísun til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.26. Auðbrekka 17, Kópavogur – bifreiða- og vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Péturs Þórs Elíassonar f.h. ExaltBílar ehf., kt.520822-0380 dags. 23.03.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Auðbrekku 17, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 16.02.2023 og 24.05.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 31.05. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísun til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.27. Búðahella 8, Hafnarfjörður – gas áfylling

Lögð fram umsókn Eggerts Eggertssonar f.h. Linde Gas ehf., kt. 490293-2059, dags. 14.03.2023, þar sem sótt er starfsleyfis til áfyllingar á gasi að Búðahelli 8, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2330032 Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 05.04.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 05.04.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 11.04.2023.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á vefsvæði HEF. Engar athugasemdir bárust. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.28. Selhella 1, Hafnarfjörður – veitingastaður

Lögð fram umsókn Stefáns Þórs Péturssonar f.h. SLP ehf., Hamborgarabúlla Tómasar, kt. 691122-1580, dags. 27.04.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Selhelli 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2330563. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 30.05.2023

Bréf sent byggingafulltrúa dags 03.05.2023. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags.31.05.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

3.29. Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Augustu Ólafsson f.h. Ristorante Piccolo ehf., kt. 500323-1750 dags. 20.04.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397.

Eftirlitsskýrsla dags. 01.06.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

3.30. Nýbýlavegur 10b, Kópavogur – matarvagn KHK (afgr.31/5)

Lögð fram umsókn Guðnýjar Hrundar Þórðardóttur f.h. GGFood sf., kt. 640223-0810 dags.

10.04.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matarvagn með lögheimili að Nýbýlavegi 10b, Kópavogi.

Fasteignanr. F2508490. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.05.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.31. Suðurlandsvegur, Kópavogur– háspennulína

Lögð fram umsókn Daníels Scheving Hallgrímssonar f.h. Landsnet hf., kt. 580804-2410, dags. 17.04.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir endurnýjun á háspennulínu milli tengivirkjana á Kolviðarhól og Geithálsi. Tímabundin starfsemi.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á vefsvæði HEF. Engar athugasemdir bárust. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi frá 31.05.2023 til 31.12.2023.

3.32. Háholt 2, Mosfellsbær – samkomusalur

Lögð fram umsókn Arnars Jónssonar f.h. Mosfellsbæjar, kt.470269-5969, dags. 11.05.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi til útleigu Hlégarðs, ýmiskonar viðburðir, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2085083. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 30.05.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.33. Selhella 1, Hafnarfjörður - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 27.04.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn SLP ehf., kt. 691122-1580, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II að Selhelli 1, Hafnarfirði. fnr.F2330563. Eftirlitsskýrsla dags. 30.05.2023.

Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfi dags. 31.05.2023.